Nr. 30.
8.
nóv.

Lög

um

löggildingu nýrra verzlunarstaða.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi. Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Frá 1. degi aprílmánaðar 1884 skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu.
b. Búðardalur við Hvammsfjörð eða Vestliðaeyri í Dalasýslu. Landshöfðingi ákveður, hvor staðurinn skuli vera verzlunarstaður, þá er glögg skýrsla er fengin um, hvor betur sje til fallinn.
c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu.
d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norðurmúlasýslu.
e. Við Lagarfljótsós í sömu sýslu.
f. Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suðurmúlasýslu.
g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu.
h. Við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu.
i. Stokkseyri í Árnessýslu og
k. Í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 8. nóvember 1883.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Nr. 30.
8de
Novbr.

Lov

om

Autorisation af nye Handelssteder.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Fra den 1ste April 1884 skulle være autoriserede Handelssteder:

a. Sveinseyri ved Tálknafjord i Vardastrands-Syssel.
b. Búðardalur ved Hvammsfjord eller Vestliðaeyri i Dala-Syssel.
Landshøvdingen bestemmer, hvilket af disse Steder, der bør være Handelssted, efter at nøiagtig Oplysning er erhvervet om, hvilket af dem der bedst egner sig dertil.
c. Skardsstødin ved Gilsfjord i samme Syssel.
d. ved Bakkafjord paa Langanesstrandir i Nordermula-Syssel.
e. ved Lagarfljótsós i samme Syssel.
f. Selnesbót ved Thverhamar i Breiðdal i Søndermula-Syssel.
g. Hrúteyri ved Reyðarfjord i samme Syssel.
h. ved Fjallahøfn i Nord-Thingø-Syssel.
i. Stokkseyri i Arnes-Syssel og
k. paa Grímsø i Øfjords-Syssel.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Fredensborg, den 8de November 1883.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.